

mbl.is/morgunbladid

Mánudaginn 30. júlí, 2007 - Aðsent efni

Skipulagsslys á Kársnesi

Pórarinn H. Ævarsson er óánægður með Gunnar Birgisson bæjarstjóra vegna framkvæmdanna á Kársnesi



Pórarinn H. Ævarsson

Pórarinn H. Ævarsson er óánægður með Gunnar Birgisson bæjarstjóra vegna framkvæmdanna á Kársnesi: "Gunnar virðist hafa gleymt því að um er ræða hugmyndir sem frá honum eru komnar og fela í sér umtalsverða og varanlega skerðingu á lífsgæðum íbúa vesturbæjar Kópavogs..."

Oddviti sjálfstæðismanna og bæjarstjóri Kópavogs Gunnar Birgisson er í sérstakri stöðu varðandi málefni Kársness þessa dagana. Á annan veginn er hann svo gott sem alráður í bæjarfélaginu og sem slíkur ábyrgur fyrir því skipulagsslysi sem þar er verið að reyna að troða upp á bæjarbúa. Á hinn bóginn er hann sem einn af íbúum hverfisins, búinn að lauma sér í hlutverk fórnarlamb og leitar sem slíkur samúðar bæjarbúa. Hann gefur sig út fyrir að vera á bandi íbúa og segir að sér ói við umferð tæplega 19.000 bíla á dag um Kársnesbraut svo eitthvað sé nefnt.

Gunnari sárnar verulega að nýstofnuð samtök bæjarbúa hafi farið af stað með mótmæli og blaðaskrif gegn fyrirhuguðum breytingum en ekkert haft fyrir því að tala beint við hann. Hann virðist ekki átta sig á að samtökin urðu til eftir að ósáttir bæjarbúar voru árangurslaust búnir að fara eftir þeim boðleiðum sem eðlilegt er að farið sé eftir í málum sem þessum. Hvaða mafíuhugsunarháttur er það að ósáttir bæjarbúar fari á hnjúnum til bæjarstjóra eftir að hafa fylgt settum boðleiðum og fengið nei hjá öllum undirmönnum hans? Er meiningin sú að fólk eigi að standa í persónulegri þakkarskuld við bæjarstjórnann sem þá deilir og drottinnar eða hvert er málið?

Ef valdþreyta og hroki teldist til sjúkdóma er ljóst að Gunnar yrði dæmdur öryrki. Þó að orðspor hans hafi farið víða verður að segjast að honum er stórlega að hraka og svo komið að alvarlega þenkjandi flokksfélagar hans í bæjarstjórn jafnt sem í landsmálum hljóta að vera farnir að ókyrrast.

Nýlegt dæmið um krankleika bæjarstjórnans rak á fjörur landsmanna í seinni fréttatíma RÚV 18. júlí. Þar svaraði Gunnar spurningum fréttamanns varðandi áhyggjur íbúa vesturbæjar Kópavogs af yfirstandandi stækkun landfyllingar við Kársnes.

Orðrétt er haft eftir Gunnari: "Ef svæðinu yrði breytt í íbúðabyggð eins og óánægðu íbúarnir legðu til, yrði umferðin um Kársnesbraut enn meiri en með fyrirhugaðri atvinnustarfsemi." Af þessum orðum mætti ráða að þarna væri verið að huga að hagsmunum almennra íbúa. Sannleikurinn er að óánægðir íbúarnir á Kársnesi hafa ekki lagt þetta til. Þeim voru gefnir tveir ömurlegir valkostir og hafa þeir bent á skárri kostinn þ.e. íbúðabyggð sem þolanlegri kost. Þetta er svona svipað og að bjóða einhverjum að fá að velja á milli lærbrots eða handleggbrots. Gunnar virðist hafa gleymt því að um er ræða hugmyndir sem frá honum eru komnar og fela í sér umtalsverða og varanlega skerðingu á lífsgæðum íbúa vesturbæjar Kópavogs, sem margir hverjir naga sig í handarbökin fyrir að hafa veitt Gunnari og samflokksmönnum brautargengi í síðustu kosningum.

Um er að ræða umferð 5.000 atvinnubíla um Kársnesbraut á degi hverjum með tilheyrandi mengun og slyshættu. Stærstur hluti íbúa við sunnanverða Kársnesbraut geldur fyrir með hávaða fyrir ofan leyfileg mörk sem er 65 db og er þá miðað við að ekið sé um Kársnesbraut á leyfilegum hraða. Fórnin er að mati bæjarstjóra þess virði því hafnarsvæðið mun skapa

láglaunastörf fyrir 50-150 manns í vöruskemmum BYKO og er ómögulegt að segja til um hvort þessi störf falli bæjarbúum í skaut nema að litlu leyti.

Heildaraukning umferðar um Kársnesbraut mun nema 11.000 bílum á dag og fer úr 8.000 í um 19.000 bíla. Kársnesbraut er þröng einbreið gata og er vandséð að það sé hægt að breikka götuna. Fyrir þá sem ekki átta sig á þessu umferðarmagni er rétt að setja tölurnar í samhengi. Um Kleppsveg aka nú 20.000 bílar á dag og um Hringveginn við Úlfarsfell ekur sami fjöldi bíla. Um Reykjanesbraut v. Hafnarfjörð aka 19.000 bílar á dag og um Hringbraut 22.000 bílar. Getur nokkrum heilvita manni dottið það í hug árið 2007 að leiða slíka umferð gegnum gróið rólegt íbúahverfi?

Í blaðaviðtali fyrir skemmstu þar sem svifryk bar á góma átti Gunnar snilldar innkomu en þar er haft orðrétt eftir honum: "Það eru hverfandi áhrif af svifrykinu og það má minnka með því að banna nagladekk og auka notkun á strætisvögnum." Þarna er eitt af stærri heilsufars- og mengunarvandamálum þéttbýlis afgreitt án nokkurrar fyrirhafnar og það með tveimur patentlausnum sem Gunnar reyndar hefur ekkert vald yfir, þ.e. lög um notkun nagladekkja og síðan ferðamáti almennings. Þar fyrir utan er gert lítið úr rannsóknum sérfræðinga.

Ég geng svo langt að fullyrða að það sé svo gott sem eiróma andstaða meðal íbúa vesturbæjar Kópavogs við fyrirhugaðar framkvæmdir. Eftir að hafa talað við hundruð bæjarbúa síðustu vikur hef ég enn ekki rekist á nokkurn mann sem er samþykkur fyrirhugðum framkvæmdum.

Að tala um óánægðu bæjarbúana sem minnihlutahóp sérvitringa lýsir því best hroka þess siðblinda.

Ég skora á alla þá sem eru samþykkir fyrirhuguðum breytingum á Kársnesi að sýna Gunnari stuðning, koma fram undir nafni og gera athugasemd við þessa grein, en hún verður birt á vefsíðu samtakanna betri byggð á Kársnesi www.karsnes.is Ég skora síðan á hin 97 prósent Kópavogsbúa að halda áfram að sýna okkur stuðning.

Höfundur er vonsvikinn sjálfstæðismaður og íbúi á Kársnesbraut.